

Lista- og menningarráð - 162 (22.3.2024) - Fyrirspurn Árna Péturs Árnasonar vegna tilfærslu verkefna og safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs

Málsnúmer : 24021708
Málsaðili : Kópavogsbær
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 22.03.2024

Inngangur : Fyrirspurn frá Árna Pétri Árnasyni áheyrnarfulltrúa Pírata varðandi Héraðsskjalasafn Kópavogs.
Niðurstaða : Tillaga frá Jónasi Skúlasyni um að málinu verði frestað til næsta fundar. Samþykkt með þremur atkvæðum.

Árni Pétur Árnason leggur fram eftirfarandi bókun:

"Áheyrnarfulltrúi Pírata hvarmar að meirihluti ráðsins hafi hafnað tillögu þess efnis að setja umræðu um kostnað við flutning safnkosts Héraðsskjalasafns á dagskrá. Áætlaðar breytingar á lögum um opinber skjalasöfn virðast munu auka kostnað bæjarins við flutning safnkosts mjög og erindi og umræður við gesti fundarins studdu þann grun. Enn hefur formleg kostnaðaráætlun fyrir flutningana ekki verið unnin og því telur undirritaður rétt að flutningi safnkostsins verði frestað þar til kostnaður hefur verið metinn og gengið úr skugga um að fjárheimildir séu til fyrir áætluðum útgjöldum. Einnig telur undirritaður rétt að setja stofnskrá safnsins aftur í gildi svo vafi sé tekin af um umboð starfsmanna safnsins til að sýsla með gögn þess."

Margrét Vilborg Tryggvadóttir og Ísabella Leifsdóttir taka undir bókunina.

Árni Pétur Árnason, Elvar Bjarki Helgason, Margrét Vilborg Tryggvadóttir og Ísabella Leifsdóttir leggja fram eftirfarandi bókun:

"Við hörmum að meirihluti ráðsins hafi í krafti liðsmunar frestað svari fyrirspurnar sem bárust með mánaðarfyrirvara. Í beiðninni var skýrt að beðið væri um skrifleg svör við skýrum fyrirspurnum er varða mikilvæg atriði fyrir flutning safnkostsins, svo sem kostnað og persónuvernd, en það mun nú frestast fram yfir áætlaðan upphafsdag skilaskyldra skila til Þjóðskjalasafns."

Meirihluti ráðsins leggur fram eftirfarandi bókun:

"Meirihluti lista- og menningarráðs ítrekar að ákvörðun um flutning Héraðsskjalasafnsins er á forræði bæjarstjórnar. Öllum fyrirspurnum hefur verið oft og ítarlega verið svarað af starfsmönnum bæjarins og lögð er áhersla á að staðið sér vel og faglega að verki á öllum stigum. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins liggur fyrir fyrir árið 2024 og flutningar safnsins fellur þar undir. Tímasett áætlun um flutning hefur verið unnin og kynnt."